

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á starfsreglum stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kunngjörir hér með um staðfestingu á breytingum á starfsreglum stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, sem settar eru á grundvelli 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. og 8. gr. laga um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, nr. 65/2020, og samþykktar hafa verið af stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs. Breytingin á starfsreglunum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2022.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ásdís Halla Bragadóttir.

Fylgiskjal.

STARFSREGLUR stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs, breyting.

1. gr.

Í stað orðanna „allir stjórnarmenn“ í 5. mgr. 2. gr. komi: ef formaður stjórnar og að minnsta kosti þrír aðrir stjórnarmenn.

2. gr.

Í stað „ársfjórðungslega“ í 2. mgr. 3. gr. komi: tvisvar á ári

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Með umsókn skulu að minnsta kosti fylgja eftirtalin gögn, séu þau til staðar:

1. Stofnsamningur sjóðsins, skilmálar sjóðsins og samþykktir sjóðsins, eins og við á,
2. fjárfestingarstefna sjóðsins, upplýsingar um fjárfestingarferil og útgönguáætlun,
3. starfsreglur sjóðsins,
4. stefnur sjóðsins, svo sem stefnur sjóðsins hvað varðar ábyrgar fjárfestingar, peningaþvætti og hagnunaárekstra,
5. umsýslusamningur milli sjóðs og ábyrgðaraðila eða rekstraraðila,
6. áskriftarskrá þar sem fram kemur hvað hver og einn fjárfestir hefur skráð sig fyrir háu stofnfé, upplýsingar um skilyrði fyrir áskriftum ef um það er að ræða og hvert heildarstofnfé sjóðsins sé,
7. drög að innköllunaráætlun yfir líftíma sjóðsins,
8. ferilskrá stjórnenda rekstraraðila sjóðsins, stjórnenda sjóðsins, ráðgjafa og eftir atvikum annarra fjárfesta,
9. starfsleyfi eða staðfesting á skráningu rekstraraðila,
10. ársreikningar rekstraraðila fyrir síðastliðin þrjú ár,
11. upplýsingar um endanlegt eignarhald á rekstraraðila eða ábyrgðaraðila sjóðs og
12. staðfesting frá viðskiptabanka viðkomandi sjóðs um að sjóðurinn hafi staðist áreiðanleikakönnun vegna peningaþvættis.

4. gr.

2. málsli. 5. mgr. 7. gr. orðist svo: Umsýsluaðili skal, í nafni stjórnar, tilkynna umsækjendum bréflega um ákvörðun stjórnar eigi síðar en átta vikum eftir að umsóknarfresturinn er liðinn og skal við sama tækifæri veita upplýsingar um næstu skref ef umsókn hefur verið samþykkt.

B-deild – Útgáfudagur: 15. desember 2022